

159. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands 23. júlí 2008, kl. 11:00 á Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Á Ragnarsson, Örn Þórðarson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem ritaði fundargerð.

1. Útboð á losun á grenndargámum og flokkunartunnum.

Rædd viðbrögð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands við kæru Íslenska Gámafélagsins og AK flutninga ehf. til kærunefndar útboðsmála á verkinu Grenndargámar og flokkunartunnur. Guðjón Ægir Sigurjónsson lögmaður kom á fundinn.

Opnuð voru tilboð í verkið „Grenndargámar og flokkunartunnur“ 17. júlí. Gámaþjónustan hf. bauð lægst kr. 227.060.596, Gámaþjónustan hf. bauð einnig þrjú frávikstilboð. Íslenska Gámafélagið ehf. bauð kr. 369.948.932 og eitt frávikstilboð. Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands samþykkir að hafna öllum fram komnum tilboðum.

2. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Engar athugasemdir gerðar við framkomin gögn og verkefnisstjórn og ráðgjöfum verkefnisstjórnar falið að vinna áfram að málinu.

3. Grænt bókhald.

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við Grænt bókhald sem lokið verður eftir sumarleyfi.

4. Förgun ehf.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands ákveður að boða til félagsfundar 16. september 2008 kl 13:00 á Hótel Selfossi. Lögð verður fram tillagan:

”Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands leggur til að Sorpstöð Suðurlands kaupi 6 milljón króna hlutafé í Förgun ehf.”

5. Metan.

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða er að hefja tilraunaborun á tveimur mælingarholum á Kirkjuferjuháleigu.

Fundi slitið kl 12:30
...gto